

## Heimastjórn Arnarfjarðar

Eftirfarandi eru helstu áherslur vegna vinnu við fjárhagsáætlun Vesturbyggðar 2025-2028 raðað eftir áherslum heimastjórnar um forgang.

1. Umferðaröryggi á Bíldudal þarfnast alvarlegra inngrípa sem allra fyrst.
  - a. Uppsetning hraðahindrana eftir Dalbraut og Tjarnabraut
  - b. Uppsetning og endurnýjun á umferðarskiltum og spegla (ljósastaurar í Lönguhlíð).
  - c. Áframhaldandi uppbygging og endurnýjun gangstéttar.
  - d. Mikilvægt að halda áfram í samvinnu með Vegagerðinni um aðkomu inn í bæinn.
2. Áhersla á að fara verði í uppbyggingu grunn og leikskóla sem allra fyrst og það klárað með sóma.
  - a. Frágangur á leikskóla og grunnskóla lóð verði til fyrirmyndar varðandi leiktæki og öryggi. Gera ráð fyrir í áætlun og setja fjármuni í það verkefni.
  - b. Leggja þarf áherslu á að fara í hönnun á áfanga tvö.
3. Áhersla á að tryggt verði fjármagn í yfirhalningu á Lönguhlíð þar sem ástandið á götunni er slæmt. Gatan er mjög illa farin og þröng en tryggja þarf öryggi íbúa við þessa götu. Dælubíll slökkviliðs kemst í flestum tilfellum ekki auðveldlega um götuna, snjómokstur erfiður og vantar lýsingu á stórum hluta.
  - a. Uppsetning á brunahana og breikkun vegar mikilvæg fyrir aðkomu slökkvibíla.
  - b. Viðgerðir og ljósastaurar mikilvægt fyrir öryggi göngufaranda þar sem ekki er gangstétt á stórum kafla.
4. Ástand ípróttamiðstöðvarinnar Byltu er ekki sambærilegt við önnur ípróttamannvirki í Vesturbyggð og þarfnast tafarlausra úrbóta þar á.
  - a. Þak er búið að leka í 6 ár – forgangsverkefni að koma þessu í lag sem allra fyrst.
  - b. Viðhald ábótavant – sinna þannig að húsið skemmist ekki.
  - c. Stækkun líkamsræktar/tækjasal – rætt þegar húsið var í byggingu, nauðsynlegt að horfa til þeirrar notkunar sem nú þegar er í húsinu og áhugi fyrir aukinni notkun. Þörf á auknu rými til að tækin nýtist sem best.
  - d. Áframhald með plön um sundlaug, með umsóknum til Fiskeldissjóð – áframhaldandi vinna, skoða áhuga íbúa á að taka þátt í starfshópi um hönnun og framkvæmd.
    - i. Stærri varmadælu sem gæti nýst til kyndingar litlar sundlaugar.
  - e. Betrumbætur á aðstöðu heilsugæslu – bæjarstjórn leggi áherslu á að HeilVest sinni sínum skyldum varðandi aðstöðu í húsnæðinu.
    - i. Benda má á möguleika á fjarlækningaþjónustu ef aðstaða er fyrir í húsnæðinu sem eykur öryggi íbúa ef færð er erfið.
  - f. Tryggja það að húsnæðið standist þeirrar kröfur sem Vesturbyggð hefur til þess að halda sameiginleg ípróttamót miðdeildar.
    - i. Húsið hefur ekki viðeigandi búnað til þess að grunnskólinn geti haldið mótið í ár eins og áætlað var.
    - ii. Einnig er uppsetning hússins þannig að ekki er hægt að setjast niður án þess að vera fyrir
  - g. Nýju flúrljósín í salnum valda iðkendum óþægindi
    - i. Tegund pera er þekkt til að geta ýtt undir bæði mígreni og flogaköst ásamt fleiri aukaverkunum. Þrátt fyrir að ljósín séu ný er brýn þörf á að skipta þeim út fyrir önnur ljós sem ekki valda heilsutjóni.

5. Viðhald botnlanga í bænum hefur setið á hakanum í tugi ára (t.d. Kríubakki, Arnarbakki, Gilsbakki, Grænibakki, Sælundarbrekka) þar sem klæðningar og gangstéttir eru illa farin eða ekki til staðar.
6. Áhersla á nýrri staðsetningu Félagsmiðstöðvar á Bíldudal. Núverandi staðsetning félagsmiðstöðvarinnar í kjallara félagsheimilisins er ekki sæmandi.
  - a. Plássið er lítið og takmarkað einnig þarf að huga að eldvörnum og neyðarútgöngum ásamt bættum loftgæðum.
7. Áhersla á að bæta Félagsheimilið Baldurshaga,
  - a. Tryggja þarf að viðhald og raflögnum sé sinnt
  - b. Tryggja þarf að brunavarnir og neyðarútgangar séu til staðar svo fólk sé öruggt inni og hægt sé að halda viðburði.
  - c. Bæta aðstöðu til að fundarhalda.
    - i. Festa skjávarpa og tjald til að auðvelda notkun og bæta ásýnd.
  - d. Bæta hljóðkerfi hússins.
8. Átak verði gert í frágangi og fegrun svæða á Bíldudal.
  - a. Með reglulegum hætti verði fjarlægðar númerslaugar bifreiðar af lóðum sveitarfélagsins.
  - b. Þrýst verði á að rusl í kringum gamla Rækjuver verði fjarlæggt.
  - c. Fjölgað verði tíðni sláttar á lóðum yfir sumartíma.
  - d. Húsnæði slökkviliðs á Bíldudal verði fullklárað svo sómi verði af,
  - e. Laga ásýnd og aðstöðu atvinnusvæðis á Járnhóli.
    - i. Koma gámasvæði/endurvinnslu svæði í starf.
    - ii. Bæta aðkomu og þjónustu á því svæði, svo sem ljósastaura og snjómokstur. Tryggja þarf öruggt aðgengi slökkviliðs að svæðinu.
  - f. Nýting á gamla húsnæði slökkviliðs sem afþreyingarmiðstöð íbúa til framtíðar.
9. Laga fráveitumál frá íbúa- og atvinnuhúsnæði – huga að fjármagni í hönnun fráveitumannvirkja og taka ákvörðun um hvaða leið á að fara.
10. Áhersla á að sveitarfélagið beiti sér af fullum þunga við til að koma aðflugsljósum inn í samgönguáætlun og leggi mikla áherslu á að Innviðaráðuneytið beiti sér fyrir að komið verði upp aðflugsljósum (hindrunarljós) ásamt fyrirhuguðum breytingum á aðflugi til þess að bæta öryggi og tryggja sjúkraflug fyrir sunnanverða Vestfirði svo hægt sé að sinna sjúkraflugi eftir sólsetur.
11. Sveitarfélagið yti á Vegagerðina að snjómokstur inn á flugvöll sé í samræmi við annan snjómokstur.
12. Áhersla á að sveitarfélagið beiti sér af fullum krafti við endurnýjun vegarins frá Bíldudal inn Arnarfjörð að Dynjandisheiði.
13. Hafnarsjóður tryggi fjármagn úr samgönguáætlun í fyllingu og bryggjukant til að auka legupláss í Bíldudalshöfn.
14. Mikilvægt er að gera meira til þess að varðveita menningu og sögu Bíldudals með því að:
  - a. Auka fjármagn og aðstoð til Gömlu Smiðjunnar á Bíldudal. Til þess að tryggja að mikilvæg varðveisla menningarsögu Bíldudals geti haldið áfram og sé hægt að nýta í fleiri verkefni eins og á bæjarhátíðinni.
  - b. Skoða það að tengja Gömlu Smiðjuna og fyrirhugaða nýbyggingu á kaupmannshús Péturs Thorsteins. Hægt væri að nýta hluta þeirrar byggingar sem safn um sögu Bíldudals.
15. Verkefni eins og að setja myndir og upptökur á stafrænt form og koma þeim í örugga varðveislu svo hægt sé að nota það í önnur verkefni eins og t.d. sýningu á bæjarhátíð eða til sýnis í áður nefndri fyrirhugaðri byggingu kaupmannshús.
16. Sveitarfélagið leggi áherslu á að setja upp hleðslustöðvar á Bíldudal fyrir rafbíla.

- a. Fjölgun stöðva og hraðstöðva.
  - b. Aðeins tvær stöðvar til staðar núna.
  - c. Bærinn ekki undirbúinn fyrir rafbílavæðingu.
  - d. Bæði á bæjarhátíð og ferðafólki yfir sumar.
17. Skoða mögulegt svæði og vinnu við uppsetningu á Folf velli til þess að auka afþreyingu fyrir bæjarbúa og gesti.
- a. Hugmynd væri mögulega við hliðina á skógrækt innanbæjar (svæðið fyrir ofan Dalbraut 58a, lítið orkubúshús) væri þá hægt að gera í samráði við skógræktarfélagið eða í tengslum við ofanflóðavarnir.
18. Skoða framtíðar húsnæði fyrir Rafíþróttafélag Bíldudals.
- a. Mikilvægt að koma upp skipulögðu íþróttastarfsemi í bænum þar sem afþreyingarmöguleikar barna á Bíldudal þarfnast bætingu.